

7.flokkur í 2.deild

Helgina 20.-21.febrúar spiluðu strákar úr 7.flokki á þriðja Íslandsmóti vetrarins í 2.deild. Strákarnir höfðu unnið hin tvö mótin og var því fróðlegt að sjá hvort það héldi áfram. Mótið var haldið í Ásgarði og voru lið frá Stjörnuni, Aftureldingu og Breiðablik á mótinu ásamt Fjölni auðvitað.

Fjölnir – Breiðablik 47-25

Fyrsti leikurinn var gegn Blikum. Strákarnir voru smá tíma að komast í gang en staðan eftir fyrsta leikhluta var 5-6 annar leikhlutinn var jafn framan af en úr stöðunni 13-11 skoruðum við 7-0 og staðan í hálfleik því 20-11. Þriðji leikhlutinn var nokkuð ójafn og var staðan 37-19 og endaði leikurinn 47-25. Flottur sigur hjá strákunum sem héldu bara sínu striki þrátt fyrir að ekki gekk allt upp til að byrja með.

Stigaskor (stig, fráköst, stoðsendingar, stolnir): Einar 11,0,3,1; Guðmundur 8,5,3,0; Tómas 8,1,0,1; Andri 6,1,1,1; Arnar Bragi 4,1,0,1; Jón 3,0,0,2; Aron 2,2,1,2; Brynjar E 2,4,0,0; Böðvar 2,4,0,0; Brynjar H 0,0,1,2; Daníel 0,2,0,1; Haraldur 1,0,1,0; Hendrik 0,4,0,1; Þorsteinn 0,2,1,0.

Fjölnir – Afturelding 41-27

Annar leikurinn var gegn spræku liði Aftureldingar sem hafa nokkra stóra og sterka leikmenn. Leikurinn fór jafnt af stað og var staðan 6-6 eftir fyrsta leikhluta. Í öðrum leikhluta mættu strákarnir mun grimmar til leiks og var staðan eftir annan leikhluta 16-10. Strákarnir í Aftureldingu komu sterkir inn í þriðja leikhluta og skorðu fyrstu 5 stigin en þá rönkuðu strákarnir við sér og komust í 28-17 en Mosfellingar skorðu 0-6 og staðan því 28-23 þegar fjórði leikhluti byrjaði. Fjölnisstrákarnir sýndu hvað í þeim býr í síðasta leikhlutanum og kláruðu leikinn fljótt í fjórða hlutanum. Þetta reyndist vera úrslitaleikurinn á mótinu þar sem að Afturelding vann hin liðin en við áttum þó eftir að spila á móti heimamönnum í Stjörnuni.

Stigaskor (stig, fráköst, stoðsendingar, stolnir): Einar 9,2,3,2; Jón 8,3,1,0; Guðmundur 6,0,2,0; Andri 6,2,0,0; Aron 5,1,0,4; Brynjar E 3,6,0,0; Arnar Bragi 2,0,0,1; Hendrik 2,2,0,0; Brynjar H 0,0,1,3; Böðvar 0,6,0,0; Daníel 0,2,0,0; Haraldur 0,1,0,1; Þorsteinn 0,2,1,1.

Fjölnir – Stjarnan 38-27

Síðasti leikurinn var gegn heimamönnum í Stjörnuni. Strákarnir byrjuðu af miklum krafti og var staðan 11-2 eftir fyrsta leikhluta. Stjarnan vann svo annan leikhluta 6-7 og því staðan 17-9 í hálfleik. Í þriðja leikhluta spiluðu strákarnir mjög vel og var 16 stiga munur eftir þriðja leikhluta 31-15. Síðasti leikhlutinn byrjaði með tvíburana Brynjar og Böðvar Eiðssyni og Hendrik og Jón Þórssynir ásamt Brynjari. En þetta var fyrsta mót Brynjars og Böðvars og stóðu þeir sig virkilega vel og eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér í körfunni. Fjórði leikhluti endaði 7-12 þar sem strákarnir voru full fljótir að fagna sigri og létu Stjörnustrákana komast full nálægt.

Stigaskor (stig, fráköst, stoðsendingar, stolnir): Andri 2,5,1,2; Arnar Bragi 4,2,0,2; Aron 0,1,1,0; Brynjar H 0,1,0,2; Brynjar E 0,10,0,1; Böðvar 6,10,0,3; Daníel 0,2,0,1; Einar 3,1,0,3; Guðmundur 6,3,0,2; Hendrik 8,3,2,2; Jón 5,3,3,2; Tómas 4,1,0,0; Þorsteinn 0,2,0,1.

Strákarnir spiluðu mjög vel á þessu móti og spiluðu allir í öllum leikjum og reynt var að spila öllum nokkuð jafnt. Margir foreldrar mættu til að horfa á og er virkilega gaman að sjá áhuga þeirra. Mótið fór virkilega vel fram og á Stjarnan heiður skilið fyrir flott mót. Þakka ég öllum kærlega fyrir helgina og nú er bara að æfa meira og betur og mæta enn sprækari á næsta mót.

Kveðja Hjalti